



Mótörhjóla- og snjósleðaíþróttaping

Aðalping 13. nóvember 2021

Mótörhjóla- og snjósleðaíþróttaping MSÍ 2020 var haldið í fundarsal ÍSÍ laugardaginn 13. nóvember 2021 kl. 13:30.

Mæting:

Björgvin Gíslason (UMFS), Janus Jónsson (MXS), Jóhann Arnarson (VÍK), Jónatan Þór Halldórsson (VÍK), Guðmundur Gústafsson (UMFS), Pétur Smáráson (VÍK), Jóhann Pétur Hilmarsson (VÍFA), Sveinn Logi Guðmannsson (KK), Ingólfur Arnarson (KK), Ingólfur Snorrason (KK), Jón H. Eypórsson (KK), Þrándur Arnþórsson (MSÍ), Einar Bergmann (VÍK), Gestur B. Rúnarsson (VÍK), Sandra Rut Þorgeirsdóttir (VÍK), Andri Stefánsson (ÍSÍ), Jóhann Pétur Hilmarsson (VÍFA), Daði Þó Halldórsson (VÍK), Guðmundur H. Hjartarson, Jóhann Arnór Elíasson (MOTOMOS), Einar Sigurðsson (VÍK), Leon Pétursson (MOTOMOS)

1. Fundur settur

Jón Eypórsson býður fólk velkomið og setur þingið. Jón stakk upp á að Guðmundur Gústafsson, Sveinn Logi Guðmannsson og Einar Sigurðsson yrðu skipaðir í kjörbréfanefnd og var það einróma samþykkt. Auk þess Sveinn Logi Guðmannsson sem þingstjóri og Þrándur Arnþórsson þingritari og það var samþykkt einróma.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Jón Eypórsson fór yfir skýrslu formanns og stjórnar MSÍ og ákveðið var að umræður um skýrsluna yrðu eftir yfirferð Jóns.

Ágætu formenn og aðrir gestir, fyrir hönd stjórnar MSÍ vil ég bjóða ykkur velkomin á formannafund aðildarfélaganna og aðalþing MSÍ.

Árið 2021 var fimmtánda heila starfsár MSÍ og samkvæmt venju er kosið nýtt fólk í stjórn fyrir það ár en það var ekki gerlegt fyrr vegna Covid ástands fyrr en í byrjun þessa árs. Ný stjórn MSÍ fyrir 2021 var eftirfarandi: Jón H Eypórsson formaður, Aron Ómarsson, Pétur Smáráson, Björk Erlingsdóttir og Karl Gunnlaugsson auk varamanna sem eru: Guðmundur Gústafsson, Sveinn Logi Guðmannsson og Einar Sverrir Sigurðarson en Einar sagði sig úr varastjórn á tímabilinu.

Rekstur sambandsins var með frekar hefðbundnu sniði líkt og önnur ár en í byrjun árs eða þann 6. mars hélt sambandið keppnistjóra námskeið sem kemur til með að vera haldið ár hvert en mælst er með að menn setji námskeiðið minnst annað hvert ár.

En það er stefja sambandsins að fá sem flesta sem vinna að því að halda mót til að sitja þetta námskeið svo menn verði samstíga með undirbúning og mótshald í farmtíðinni.





Nýtt skráningarkerfi komst í af stað fyrir síðasta keppnistímabil og hefur eitthvað þurft að fínþússa það en teljum að það komi til að virka vel í framtíðinni.

Erlend þátttaka MSÍ í MXoN

Motocross of Nations var haldið í Mantova, Ítalíu helgina 25-26 september 2021. MSÍ sendi út þrjá keppendur og urðu fyrir valinu fyrir Íslands hönd þeir Máni Freyr Pétursson, Eiður Orri Pálmason og Eypór Reynisson auk þess var með í för vara keppandinn Alexander Adam. Ísland var með mjög ungt lið í samanburði við önnur lönd en meðalaldur íslenska liðsins var 20 ár. Einnig fór liðsstjóri liðsins Björk Erlingsdóttir og ljósmyndari / blaðamaður Sverrir Jónsson.

Keppendur hófu undirbúning snemma í september og fór Eypór t.d nánast strax út að lokinni síðustu umferðinni í Íslandsmeistaramótinu í motocrossi og hinir tveir fylgdu fljótlega á eftir eða um 10 dögum seinna. Hófu þeir æfingu í Bretlandi og keyrðu svo niður til Ítalíu þar sem þeir æfðu áfram og gengu æfingar þar vel þó að hitinn hafi verið aðeins að stríða þeim.

Á föstudaginn 24. september var innsetningar athöfn og mættu allir keppendur ásamt liðstjórum og aðstoðarmönnum á þessum degi. Komu keppendur sér fyrir í samræmi við skipuleggjendur mótsins. Aðstæður á keppnisstað voru nokkuð þröngar en ásættanlegar. Á föstudaginn var svo dregin í röð keppenda fyrir ráslnu.

Laugardagurinn 25. september hófst svo með skoðun hjá keppendum á hjólum og öryggisbúnaði. Voru nokkur brögð á því að pappírar keppenda voru ekki í lagi en okkar menn voru með allt upp á 10.

Að því loknu var svo æfing en seinnipartinn fór svo fram keppni í flokkum sem réði úrslitum hvort þjóðir næðu inn í aðalkeppnina. Því miður gekk ekki allt sem skyldi fyrir okkar keppendur og var Eypór að keyra hvað best og endaði 23. sæti í sínum flokki. Það þýddi að við myndum keppa í B-keppninni þar sem sigurvegari kæmist beint áfram í A-keppnina.

Á sunnudagurinn 26. september rigndi mikið og var í raun ótrúlegt að keppnin skyldi fara fram því eldingar voru í gangi á svæðinu. Brautin var þung vegna bleytu en því miður lentu tveir keppendur okkar í því að detta í fyrstu beygju eftir að einhverjir höfðu dottið fyrir framan þá og gátu þeir ekki afstýrt árekstri.

Við þetta var strax ljóst að okkar menn lentu mjög aftarlega og þó að liðinu hafi tekist að vinna sig upp um tíma að þá var út um alla von þegar Eypór var keyrður niður af öðrum keppanda og ljóst að við vorum með í síðustu sætum þetta árið.

Keppnistímabilið á malbikinu og sandi 2021.

Það náðist að halda allar keppnir í kvartmílu þetta árið og var sumarið með ágætasta móti.

Mikil uppbygging á svæði Kvartmíluklúbbsins var í vor en þar var farið í að fylla upp í gamla pitt svæðið og leggja nýtt malbik yfir allt. Myndarleg framkvæmd sem gerir alla aðstöðu og aðgengi mun skemmtilegri fyrir keppendur.

Ekki náðist að halda keppnir til Íslandsmeistara í hringakstri en nokkur bikarmót voru haldin.

Keppt var í sandspyrnu bæði á Akureyri og í brautinni hjá Kvartmíluklúbbum en gaman væri að sjá fleiri keppendur í þeirri grein.

BA hóf fyrir nokkrum árum uppbyggingu á nýrri spyrnubraut sem vígð var nú í ár. Gerð þessar brautar er mikið mannvirki en það þurfti að flytja til mikinn jarðveg og grafa talsvert djúpt til að komast niður á fast. Vígsla brautarinnar fór svo fram í sumar á bíladögum og mætti mikill fjöldi þátttakenda til að prófa þessa glæsilegu braut.





Motocross 2021

Keppnistímabilið tókst mjög vel í Motocross. Það voru haldnar 4 keppnir og var fyrsta keppnin haldin á Akranesi en í hana mættu alls 63 keppendur.

Næsta keppni var haldin á Akureyri og fór keppandafjöldi í 72 og það er mesti fjöldi þátttakenda síðan 2013 en þá mættu til leiks 88 keppendur á keppni á Akureyri og sami fjöldi í keppni á Akranesi.

Einnig var haldi keppni í Ólafsvík þar sem aðstæður hafa lagast mikið síðan keppni til Íslandsmeistara var haldi þar síðast 2019 og hefur allur aðbúnaður og brautin þar verið til sóma en þeir stefna á að halda keppni til Íslandsmeistara 2022.

Síðasta keppni fór svo fram í Bolöldu og tókst sú keppni vel í alla staði enda svæðið þar orðið mjög gott.

Enduro

Enduro sumarið byrjaði af krafti þar sem 125 keppendur voru skráðir til keppni á Flúðum en 112 mættu til leiks. Keppnishald gekk vonum framár í samstarfi við Stillingu.

Alls voru samtals 4 Enduro keppnir haldnar í sumar og voru tvær þeirra á nýju svæði í Vatnsdal og Vík í Mýrdal en gaman hefði verið að fleiri félög hefðu séð sér fært að taka þátt í keppnishaldi við þessar keppnir. Stefnan er síðan sett á að halda 5 keppnir árið 2022 og von um að fá fleiri félög til að leggja lið við aðkomu og að þessu keppnum.

Snowcross

Tímabilið 2021 gekk ótrúlega vel þrátt fyrir hömlur og frestanir af völdum hr. Covid.

Fyrir tímabilið voru fluttir inn 6 árs gamlir sleðar en ekki hefur komið svona mikil innspýting í sportið síðan árið 2008 og stefndi því strax í áhugaverðann vetur.

Keppnisdagatalið var einfalt og gott, 4 keppnir á 3 mismunandi stöðum.

Mývetningar voru með fyrsta mótið og stendur AMS sig virkilega vel í að halda mót og er öll umgjörð til fyrirmyndar og t.d sést ekki oft starfsmaður sem stendur vörð um bílastæði og vísar fólki á rétta staði.

Næsta mót var haldið á Sauðárkróki en fresta þurfti Akureyrar mótinu vegna flensunar.

Þar var haldin tvöföld helgi, mót bæði laugardag og sunnudag sem var mjög spennandi og krefjandi. ATH frá þessu móti var send bein útsending.

Síðasta mótið var svo Akureyri 1.Maí sem lukkaðist alveg ótrúlega vel og aftur var bein útsending sem finna má á youtube á síðu þeirra sem tóku það upp (Fuelkött)

Fyrir veturinn 2022 er allt komið á fljúgandi siglingu, snocross nefnd er á fullu að leggja lokahönd á dagskrá vetrarins og eru staðfestir hvorki meira né minna en 14 nýjir keppnissleðar til landsins, sem norðan menn leifa sér að fullyrði sé töluvert meira af nýjum tækjum heldur en munu sjást á ráslínu í motocrossinu !!!!

Nefndin þakkar MSÍ alla þá aðstoð sem hún hefur veitt okkur og hlökkum við til áframhaldandi samstarfs.

Öryggismál og styrkir

Slys á keppendum eru því miður enn of algeng og því er mikil áhersla MSÍ á öryggismál brauta. Þannig eru allar keppnisbrautir sem notaðar eru í Íslandsmeistaramótinu teknar út og lagðar til lagfæringar á varasömum stöðum.

Í framhaldi af umræðum á formannafundi og í ljósi óvenjugóðrar fjárhagsstöðu samþykkti Stjórn MSÍ að veita styrki til keppnishalds.





Markmiðið með styrkjunum er að styðja sérstaklega við þau félög sem eru duglegust við keppnishald og halda keppnir til Íslandsmeistara.

Stjórn MSÍ veitti auk þess í ár nokkrum aðildarfélögum sérstaka styrki til endurbóta og lagfæringa á keppnisbrautum sínum.

Tryggingamál

Á árinu náðust samningar við TM Tryggingar hf. um frjálsa ábyrgðartryggingu keppenda.

Tryggingin er valkvæð hjá keppendum um leið og þeir skrá sig í keppni og tekur til skaðabótaábyrgðar mótshaldara og tilgreindra ökumanna og ökutækja vegna tiltekinnar keppni. Vátryggingin tekur jafnframt til skaðabótaábyrgðar vátryggðra vegna æfinga fyrir aksturskeppni.

Þetta þýðir að tryggingin bætir tjón sem þriðji aðili verður fyrir.

Árshátíð og Lokahóf

Árshátíð MSÍ 2021 fór að þessu sinni fram í Fí salnum Mörkinni 6 við góða mætingu félagsmanna. Veitt voru verðlaun fyrir allar keppnisgreinar. Einnig voru valin akstursíþróttamaður og akstursíþróttakona ársins 2021 og voru það þau Máni Freyr Pétursson og Sóley Sara David sem urðu fyrir valinu.

Það hefur verið ákveðið í stjórn MSÍ að koma þessari kosningu meira út til félagsmanna klúbbana þannig að klúbbarnir hafi ákveðið mikið vægi á móti MSÍ.

Afreksstarf og afreksstefna

ÍSí hefur verið með afreksstefnu fyrir Ísland frá árinu 2000, þar sem stefnt er á að Ísland skipi sér í fremstu röð í heiminum.

Íþróttta Samböndum er skipt upp í A, B og C sambönd eftir því hversu öflugt afreksstarf er í gangi. A sambönd eru með að minnsta kosti eitt stöðugildi í landsliðsþjálfun og annað í afreksmálin sérstaklega. B sambönd eru með minnst hálf stöðugildi í hvort verkefni.

Til þess að teljast sem C samband þarf samt líka að uppfylla nokkur skilyrði. Það þarf að vera til samþykkt afreksstefna sem gildi í minnst tvö ár. Auk þess þarf að vera til fagteymi, aðgerðaráætlun og þátttaka í erlendum mótum.

Á fundum sem MSÍ hefur verið með öðrum C sérsamböndum komur fram áhugi að sameinast um ákveðin verkefni, eins og td. fagteymismál. MSÍ er með einhverja reynslu af starfi með þjálfurum og áhugavert væri að byggja frekara samstarf þar upp.

Barnastarf

Mikill uppgangur var og góð aðsókn í barna og unglíngastarf var í sumar og má segja að það séu góðar fréttir þar sem það er grunnurinn til að byggja upp keppendur framtíðar. Fjórir klúbbar hafa gefið sig mest í þetta starf en það eru Vík, Selfoss, Egilsstaðir og Vír.



3. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram

Þrándur Arnþórsson lagði fram og fór yfir reikninga sambandsins sem staðfestir hafa verið af skoðunarmönnum sambandsins.

4. Umræður og samþykkt reikninga

Reikningar sambandsins voru samþykktir með fyrirvara um nákvæmari sundurliðun á stærri liðum eins og styrkjum til félaga, afreksstarfi og tryggingum.

5. Ávarp gesta

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ávarpaði þingið og benti á ýmis atriði sem þarf að hafa í huga og mætti laga.

Andri lagði til að ársreikningar og fjárhagsáætlun endurspegli betur áherslur í starfi sambandsins. Þannig gætu verið fjórir meginþættir: Daglegur rekstur, Mótamál, Afreksstarf og Útbreiðsla og þróun.

Auk þess benti hann á að kominn væri tími til að endurskoða lög sambandsins. Nægilegt ætti til dæmis að vera að reikningar séu skoðaðir en ekki endurskoðaðir. Reglur um Dómstól MSÍ þarf líka að lagfæra. Einnig athuga með notkun á orðinu “aukaþing”.

Afreksstefna og afreksmál þurfa að vera í lifandi umræðu innan sambandsins.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Þrándur Arnþórsson kynnti drög að fjárhagsáætlun. Nokkur atriði þyrfti að endurskoða þar.

Í framhaldi af því og ábendingum Andra var samþykkt að boða til sérstaks aukapings þar sem tekin væri fyrir fjárhagsáætlun og afreksstefna.

6. Kosningar

Jón H. Eyþórsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Jónatan Þór Halldórsson bauð sig fram sem formann og framkvæmdastjóra og var einróma kjörinn sem formaður MSÍ til næsta ársþings.

Pétur Smáráson og Guðmundur Gústafsson voru kosnir í stjórn MSÍ til næstu tveggja ára.

Karl Gunnlaugsson og Björk Erlingsdóttir sitja áfram í stjórn MSÍ til næsta ársþings.

Ingólfur Snorrason, Sveinn Logi Guðmannsson og Daði Þór Halldórsson voru kjörnir í varastjórn til eins árs.

Halldóra Ósk Ólafsdóttir og Ingimundur Helgason voru einróma kjörin endurskoðendur sambandsins.



Jóhannes Már Sigurðarson, Birgir Birgisson og Arinbjörn Rögnvaldsson voru einróma kjörnir í dómstól MSÍ.

7. Þingslit

Sveinn Logi Guðmannsson þakkaði fyrir gott þing og sleit því síðan.

